

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
B.t. skrifstofu menningar og fjölmiðla
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2024

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um listamannalaun.
Mál nr. S-86/2024.**

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar ofangreint mál um breytingar á lögum um listamannalaun sem miða að því að stofna þrjá nýja launasjóði og fjölga úthlutuðum mánaðarlegum starfslaunum.

Samantekt:

- Útgjöld til menningarmála eru með því mesta sem þekkest í alþjóðlegum samanburði, því er eðlilegra að horfa til forgangsröðunar innan málaflokksins.
- Þörf er á endurskoðun á sjóðaumhverfi ríkisins. Frekar ætti að fækka sjóðum en fjölga.
- Frumvarpið ber ekki með sér að stefnt sé að aðhaldi í ríkisfjármálum til að styðja við markmið um að ná niður verðbólgu og vöxtum.
- Viðskiptaráð styður ekki að frumvarpið verði lagt fram.

Nauðsynlegt að forgangsráða takmörkuðum fjármunum

Nái frumvarpið fram að ganga verða útgjöld til menningarmála aukin um rúm 70%. Vert er að benda á að útgjöld til þessa málaflokks eru óviða hærrí en á Íslandi þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðlagi (mynd 1). Sé pólitískur vilji til þess að auka framlög til listamannalauna ætti að forgangsráða fjármunum innan núverandi ramma en ekki auka útgjöld.


Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld til launasjóða listamanna aukin úr 977 milljónum króna í 1.677 milljónir á verðlagi dagsins í dag, í skrefum frá árinu 2025-2028. Aukin útgjöld í stað forgangsröðunar eru slæm skilaboð. Eitt mikilvægasta verkefni íslensku þjóðarinnar er að vinna bug á verðbólgunni svo unnt sé að ná niður háu vaxtastigi. Nýverið voru kjarasamningar á almennum vinnumarkaði undirritaðir en samningsaðilar settu sér skýr markmið um að gera langtímakjarasamning sem stuðli að því að endurheimta verðstöðugleika. Þar skipta aðgerðir stjórnvalda ekki síður máli.¹ Frumvarpið ber ekki með sér að stefnt sé að aðhaldi í ríkisfjármálum til að styðja við markmið um að ná niður verðbólgu og vöxtum.

¹ Sjá [yfirlýsingu peningastefnufndar 20. mars 2024](#)

Í frumvarpinu er fyrirhugað að fjölga sjóðum á snærum menningar- og viðskiptaráðuneytisins um þrjá og verða launasjóðir listamanna því alls tíu talsins, en af óljósum ástæðum var heiðurslaunasjóður listamanna ekki meðtalinn í greinargerð frumvarpsins. Ráðuneytið hefur nú þegar umsjón með fleiri sjóðum en önnur ráðuneyti og telur Viðskiptaráð með öllu óþarft að fjölga þeim enn frekar.

Viðskiptaráð styður ekki að frumvarpið verði lagt fram.

Virðingarfyllst,



Gunnar Úlfarsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs